

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2008/EES/28/01		Orðsending frá Eftirlitsstofnun EFTA um undanþágur sem norskum stjórnvöldum eru veittar í tengslum við hagskýrslur um skipulag fyrirtækja . . . . .	1
2008/EES/28/02		Tilkynning stjórnvalda í Noregi um kerfi til stuðnings Geimferðamiðstöð Noregs . . . . .	3
2008/EES/28/03		Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber við endurheimtu ríkisaðstoðar í EFTA-ríkjunum frá 1. janúar 2008 . . . . .	3
2008/EES/28/04		Auglýsing samkvæmt 4. mgr. 27. gr. II. kafla bókunar 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól“) í máli 61114 – Liechtensteinische Kraftwerke Anstalt og Telecom Liechtenstein AG. . . . .	4
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2008/EES/28/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5066 – Eurogate/APMM) . . . . .	6
2008/EES/28/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5086 – BAT/Skandinavisk Tobakskompagni) . . . . .	7
2008/EES/28/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5121 – News Corp/Premiere) . . . . .	8

<b>2008/EES/28/08</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5126 – Ineos/ BASF assets) . . . . .	<b>9</b>
<b>2008/EES/28/09</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5135 – Renolit/ Evonik Degussa/SUNCoat) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>10</b>
<b>2008/EES/28/10</b>	Nýjar almannapjónustukvaðir sem lagðar eru á í tengslum við áætlunarflug milli Ostrava (OSR) og Brussel (BRU) í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 . . . . .	<b>11</b>
<b>2008/EES/28/11</b>	Nýjar almannapjónustukvaðir sem lagðar eru á í tengslum við áætlunarflug milli Ostrava (OSR) og Amsterdam (AMS) í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 . . . . .	<b>12</b>
<b>2008/EES/28/12</b>	Nýjar almannapjónustukvaðir sem lagðar eru á í tengslum við áætlunarflug milli Ostrava (OSR) og Lundúna (LTN) í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 . . . . .	<b>13</b>
<b>2008/EES/28/13</b>	Auglýst eftir tillögum samkvæmt starfsáætluninni „Rannsóknargeta“ sem fellur undir 7. rammaáætlun Evrópubandalagsins um rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni . . . . .	<b>14</b>
<b>2008/EES/28/14</b>	Auglýst eftir áhugayfirlýsingum fyrir árið 2008 vegna skipunar sérfræðinga í vísindanefnd Umhverfisstofnunar Evrópu . . . . .	<b>14</b>

### **3. Dómstóllinn**

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**Orðsending frá Eftirlitsstofnun EFTA um undanþágur sem norskum stjórnvöldum eru veittar frá ákvæðum gerðarinnar sem um getur í 1. lið XXI. viðauka við EES-samninginn, reglugerð ráðsins (EB/KBE) nr. 58/97 frá 20. desember 1996 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkanar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrsluvið**

2008/EES/28/01

Í reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 frá 20. desember 1996 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja, með aðlögunarákvæðum samkvæmt bókun 1 við EES-samninginn, sem um getur í 1. lið XXI. viðauka við samninginn (og nefnist „gerðin“ í því sem hér fer á eftir), er settur sameiginlegur rammi um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja á Evrópska efnahagssvæðinu. Í 11. gr. gerðarinnar er kveðið á um að heimilt sé að samþykka undanþágur frá ákvæðum viðauka við gerðina á tilteknu aðlögunartímabili.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkanar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrsluvið (sem nefnist „reglugerð 1893/2006“ í því sem hér fer á eftir) (Stjtið. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1) var felld inn í EES-samninginn sem liður 20c í XXI. viðauka samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2007. Í reglugerð 1893/2006 er að finna ákvæði um breytingar á gerðinni að því er varðar skilgreiningar á breytunum sem mælt er fyrir um í viðaukum við gerðina, sjá II. viðauka við reglugerð 1893/2006.

Veiting undanþágu á grundvelli 12. gr. gerðarinnar er í höndum Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar umsóknir frá Íslandi, Liechtenstein og Noregi.

Stjórnvöld í Noregi hafa, í samræmi við 11. gr. reglugerðar 58/97, sótt um undanþágu að hluta og fulla undanþágu frá reglum um afhendingu gagna sem tilgreind eru í 7. viðauka við gerðina, með áorðnum breytingum samkvæmt II. viðauka við reglugerð 1893/2006.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt eftirtaldir undanþágur í samræmi við álit hagstofustjóra EFTA-rikkjanna, sem eru eftirlitsstofnuninni til ráðuneytis, frá 26. nóvember 2007:

	Árlegar fyrirtækjahagskýrslur 2005 til 2007	Fyrirsögn	Árlegar fyrirtækjahagskýrslur 2005 til 2007, sundurliðaðar	Fyrirsögn
Full undanþága, undanþága að hluta eða engin undanþága	Undanþága að hluta		Undanþága að hluta	
Viðbótarfrestur sem þörf er á til að skila skýrslum	Enginn		Enginn	
Breytur sem vantar	48 031 48 032 48 120	Reglubundnar lífeyrisgreiðslur  Eingreiðslur lífeyris Fjárfestingar í eigna- og hagsmunatengdum fyrirtækjum	48 610	Árlegar hagskýrslur um fyrirtæki, sundurliðaðar eftir landsvæðum  Landfræðileg sundurliðun á veltu

	48 132	Hlutabréf sem viðskipti hafa verið stunduð með á skipulegum markaði sem er sérhæfður fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki	48 640	Heildarfjárfestingar, sundurliðaðar í evruhluta og hluta sem ekki er í evrum
	48 101	Heildarfjárfestingar í „fjármögnunarfyrirtækinu“		
	48 705	Fjöldi félagsaðila sem eiga geymd réttindi		
Aðrir liðir	Enginn		Enginn	
	Árlegar fyrirtækjahagskýrslur um lífeyrissjóði sem ekki eru sjálfstæðir 2005 til 2007	Fyrirsögn	Árlegar fyrirtækjahagskýrslur 2005 til 2007, sundurliðaðar	Fyrirsögn
Full undanþága, undanþága að hluta eða engin undanþága	Full undanþága		Undanþága að hluta	
Viðbótarfrestur sem þörf er á til að skila skýrslum	Enginn		Enginn	
Breytur sem vantar	11 150	Fjöldi fyrirtækja með lífeyrissjóð[um] sem ekki eru sjálfstæðir		Árlegar hagskýrslur um fyrirtæki, sundurliðaðar eftir landsvæðum
Aðrir liðir	Enginn		Enginn	

**Tilkynning stjórnvalda í Noregi um kerfi til stuðnings Geimferðamiðstöð Noregs****2008/EES/28/02**

Eftirlitsstofnun EFTA hefur ákveðið að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri ráðstöfun.

**Dagsetning ákvörðunar:** 13. febrúar 2008

**Málsnúmer:** 62231

**EFTA-ríki:** Noregur

**Hérað:** –

**Fyrirsögn:** Kerfi til stuðnings Geimferðamiðstöð Noregs

**Lagaheimild:** Fjárlög ríkisins, skriflegt viljrði viðskiptaráðuneytisins og leiðbeiningar um kerfið

**Tegund aðstoðar:** Aðstoðarkerfi

**Markmið:** Rannsóknir og þróunarstarf

**Aðstoðarform:** Styrkur

**Fjárveiting:** 37 milljónir norskra króna (um 4,6 milljónir evra) á árinu 2007. Árlegar fjárveitingar eru háðar samþykkt þingsins við afgreiðslu fjárlaga.

**Aðstoðarhlutfall:** Í samræmi við leiðbeiningar

**Gildistími:** 2008–2013

**Atvinnugreinar:** Geimferðaiðnaður

**Heiti og póstfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð:** Norsk Romsenter, Postboks 113 Skøyen, 0212 Oslo

**Nánari upplýsingar:** –

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á eftirfarandi slóð:

<http://www.eftasurv.int/fieldsOfWork/fieldStateAid/stateAidRegistry>

**Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber við endurheimtu ríkisaðstoðar í EFTA-ríkjunum frá 1. janúar 2008****2008/EES/28/03**

Birt í samræmi við ákvæði 10. gr. ákvörðunar 195/04/COL frá 14. júlí 2004 (sjá Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 26/2006, 25.5.2006, bls. 1).

Endurgreiðsluvextir fyrir Ísland: 11,01

Endurgreiðsluvextir fyrir Liechtenstein: 3,82

Endurgreiðsluvextir fyrir Noreg: 6,25

Leiðrétting á endurgreiðsluvöxtum fyrir Ísland sem giltu frá 1. janúar 2007 (sjá Stjtið. ESB C 126, 7.6.2007, bls. 20, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 27/2007, 7.6.2007, bls. 3):

Í stað 8,23 á að standa 9,84.

**Auglýsing samkvæmt 4. mgr. 27. gr. II. kafla bókunar 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól“) í máli 61114 – Liechtensteinische Kraftwerke Anstalt og Telecom Liechtenstein AG** **2008/EES/28/04**

## 1. INNGANGUR

1. Eftirlitsstofnun EFTA hefur borist formleg tilkynning um skuldbindingar sem fyrirtækin Liechtensteinische Kraftwerke Anstalt (“LKW”) og Telecom Liechtenstein AG (“Telecom Liechtenstein”), áður Liechtenstein TeleNet AG, leggja fram í tengslum við rannsókn sem fram fer á grundvelli 53. gr. EES-samningsins og varðar fjarskiptamarkaði í Furstadæminu Liechtenstein.
2. Með þessari auglýsingu leitar Eftirlitsstofnun EFTA eftir álitni markaðsaðila á fyrirliggjandi tillögum LKW og Telecom Liechtenstein um skuldbindingar sem ætlað er að koma til móts við athugasemdir um samkeppniskilyrði sem fram koma í bráðabirgðamati Eftirlitsstofnunar EFTA á málinu. Með fyrirvara um niðurstöðu þessa samráðs við markaðsaðila hyggst Eftirlitsstofnun EFTA taka ákvörðun í samræmi við 1. mgr. 9. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem lýtur að framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 53. og 54. gr. EES-samningsins. Með slíkri ákvörðun yrðu skuldbindingarnar, sem LKW og Telecom Liechtenstein hafa lagt til, gerðar bindandi. Í ákvörðuninni verður ekki skorið úr um hvort um brot hafi verið, eða sé, að ræða.

## 2. ÁGRIP AF MÁLSATVIKUM

3. Hinn 1. desember 2006 barst Eftirlitsstofnun EFTA kvörtun sem beindist að LKW, Telecom Liechtenstein og Furstadæminu Liechtenstein og laut að þeim meinta tilgangi eða afleiðingu samnings milli Telecom Liechtenstein og LKW frá 11. júlí 2006, sem hafði að markmiði hagræðingu á fjarskiptamörkuðum í Liechtenstein, („samrunasamningsins“) að koma í veg fyrir alla samkeppni milli LKW og Telecom Liechtenstein.
4. LKW er raforku- og fjarskiptafyrirtæki sem er að fullu í eigu ríkisins. LKW er rekið sem opinbert fyrirtæki. Það sinnir raforkudreifingu og grunnvirkjaþjónustu á sviði fjarskipta.
5. Telecom Liechtenstein er fjarskiptafyrirtæki sem er að fullu í eigu ríkisins og býður margvíslega fjarskipta- og fjölmiðlunarþjónustu í smásölu og heildsölu. Telecom Liechtenstein er rekið sem hlutafélag.
6. Eftir að samrunasamningurinn var gerður hafa öll netgrunnvirki í Liechtenstein verið að fullu í eigu LKW (í níu af ellefu sveitarfélögum). LKW selur Telecom Liechtenstein og öðrum þjónustuaðilum heildsöluaðgang að fjarskiptagrunnvirkjum sínum. Telecom Liechtenstein selur öðrum þjónustuaðilum heildsöluaðgang að grunnvirkjum sínum og smásöluaðgang að talsímaþjónustu, netþjónustu og hljóðvarps- og sjónvarpsþjónustu.
7. Hinn 19. desember 2007 gaf Eftirlitsstofnun EFTA út bráðabirgðamat sem sneri einkum að tveimur atriðum í samrunasamningnum og áhrifum þeirra á samkeppni á fjarskiptamörkuðum í Liechtenstein. Þar var um að ræða bráðabirgðamat í skilningi 1. mgr. 9. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.
8. Í bráðabirgðamatinu kom fram að svonefnt ákvæði um skipulegt samstarf gæti hamlað samkeppni, en samkvæmt því verða fyrirtækin tvö að hafa með sér samvinnu um grunnvirkjagerð og LKW er skylt að haga grunnvirkjum í samræmi við þarfir Telecom Liechtenstein. Í bráðabirgðamatinu var sú ályktun dregin að þetta ákvæði gæti falið í sér samkeppnishindrun eða útilokað starfandi keppinauta eða nýja markaðsaðila með því að gera þeim erfiðara um vik að starfa á mörkuðunum. Samkvæmt bráðabirgðamatinu var einnig talin ástæða til að ætla að ákvæði í samrunasamningnum þess efnis að LKW og Telecom Liechtenstein skyldu ekki stunda samkeppni sín í milli um ótiltekinn tíma („ákvæði um takmörkun samkeppni“) gætu hamlað samkeppni á fjarskiptamörkuðum í Liechtenstein.

### 3. SKULDBINDINGAR

9. LKW og Telecom Liechtenstein lögðu fram svör við bráðabirgðamati Eftirlitsstofnunar EFTA og buðust til að gangast undir tiltekna skuldbindingar sem koma áttu til móts við athugunarefnið sem Eftirlitsstofnunin hafði tilgreint. Helstu þáttum skuldbindinganna er lýst stuttlega hér fyrir neðan. Þær hafa verið birtar í heild á þýsku á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA á eftirfarandi slóð:

<http://www.eftasurv.int/fieldsOfWork/fieldcompetition>

10. Helstu atriði skuldbindinganna eru sem hér segir:
- LKW og Telecom Liechtenstein felli niður það ákvæði í samrunasamningnum sem lýtur að skilmálum skipulegs samstarfs þeirra í milli.
  - Að því er varðar skipulagningu á netuppbyggingu skuldbindur LKW sig til að kanna þarfir allra þjónustuaðila á sviði netgrunnvirkja með reglubundnum hætti (og eigi sjaldnar en einu sinni á ári).
  - LKW skuldbindur sig til að taka þarfir allra markaðsaðila saman í áætlun um netuppbyggingu (sem verður þó ekki bindandi fyrir LKW) í þeim tilgangi að geta boðið öllum markaðsaðilum aðgang án mismununar.
  - LKW og Telecom Liechtenstein felli niður ákvæðið um takmörkun samkeppni.

### 4. KALLAÐ EFTIR ATHUGASEMDUM

11. Með fyrirvara um niðurstöðu þessa samráðs við markaðsaðila hyggst Eftirlitsstofnun EFTA taka ákvörðun í samræmi við 1. mgr. 9. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól og lýsa skuldbindingarnar, sem lagðar hafa verið fram, bindandi fyrir LKW og Telecom Liechtenstein. Í þessu skyni kallar hún eftir athugasemdum hagsmunaaðila um skuldbindingarnar sem lagðar hafa verið fram, og skulu þær berast innan mánaðar frá birtingu auglýsingarinnar.
12. Hagsmunaaðilar eru jafnframt beðnir að leggja fram útgáfu af athugasemdunum án trúnaðarupplýsinga; atvinnuleyndarmálum og öðrum trúnaðarupplýsingum skal eytt og í staðinn sett annaðhvort ágreip sem er ekki háð trúnaðarkvöðum eða orðin „[atvinnuleyndarmál]“ eða „[trúnaðarmál]“. LKW og Telecom Liechtenstein kann að verða veittur aðgangur að þeirri útgáfu athugasemda, sem berast, sem er án trúnaðarupplýsinga, eða að ágreipi af þeim.
13. Athugasemdir skulu sendar á neðangreint pósthfang með tilvísuninni „Mál 61114 – LKW/Telecom Liechtenstein“, í rafpósti á netfangið [registry@eftasurv.int](mailto:registry@eftasurv.int) eða með bréfi eða símbréfi:

Competition & State Aid Directorate  
EFTA Surveillance Authority  
Rue Belliard 35  
B-1040 Bruxelles/Brussel  
Bréfasími: +32 (0)22 86 1800

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2008/EES/28/05

(Mál COMP/M.5066 – Eurogate/APMM)

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. apríl 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Eurogate GmbH & Co. KGaA, KG („Eurogate“), sem er undir yfirráðum Eurokai KGaA og BLG Logistics Group AG & Co. KG, og danska fyrirtækið A.P. Møller-Mærsk („APMM“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýsku fyrirtækjunum Eurogate Container Terminal Wilhelmshaven GmbH & Co. KG og Eurogate Container Terminal Wilhelmshaven Beteiligungsgesellschaft mbH.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Eurogate: lestunar- og losunarþjónusta við gámaskipafélög
  - APMM: sjóflutningar með gámum, farmstöðvaþjónusta, landflutningar, birgða- og flutningaþjónusta, dráttarþjónusta í höfnum, olíu- og gasleit og olíu- og gasvinnsla, smásala og loftflutningar
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 117, 14. maí 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5066 – Eurogate/APMM, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5086 – BAT/Skandinavisk Tobakskompagni)**

2008/EES/28/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. maí 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið British American Tobacco plc („BAT“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í vindlingaframleiðslu og ýmiss konar munntóbaks- og laustóbaksstarfsemi danska fyrirtækisins Skandinavisk Tobakskompagni A/S („STK“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - BAT: framleiðsla, markaðsfærsla og sala á vindlingum og öðrum tóbaksvörum
  - STK: framleiðsla, markaðsfærsla og sala á vindlingum og öðrum tóbaksvörum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 117, 14. maí 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5086 – BAT/Skandinavisk Tobakskompagni, á eftirfarandi póstoffang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5121 – News Corp/Premiere)**

2008/EES/28/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. maí 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið News Corporation („News Corp“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu Premiere AG.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - News Corp: starfsemi á ýmsum sviðum afþreyingar; reksturinn skiptist í eftirtaldar átta fjölmiðlunargreinar: i) kvikmyndir, ii) sjónvarp, iii) kapalsjónvarp, iv) beinar útsendingar um gervitungl, v) tímarit og fylgiblöð, vi) dagblöð, vii) bókaútgáfu og viii) aðra starfsemi
  - Premiere AG: rekstur áskriftarsjónvarps í Þýskalandi og Austurríki
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 117, 14. maí 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5121 – News Corp/Premiere, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5126 – Ineos/BASF assets)**

**2008/EES/28/08**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. maí 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Ineos Group Limited („Ineos“) öðlast með eignakaupum yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í verksmiðju í eigu fyrirtækisins BASF plc, sem er undir yfirráðum hins breska BASF SE („BASF“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Ineos: framleiðsla á sérnotaiðefnum og hálfunnum iðefnum víða um heim
  - BASF: efnafyrirtæki sem selur ýmsar vörur allt frá iðefnum, plastefnum, vörum fyrir landbúnaðinn og gæðaiðefnum til hráolíu og jarðgass
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 119, 16. maí 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5126 – Ineos/BASF assets, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29. I. 2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5135 – Renolit/Evonik Degussa/SUNCoat)**

2008/EES/28/09

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. maí 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýsku fyrirtækin Renolit AG, sem er undir yfirráðum JM Gesellschaft für industrielle Beteiligung mbH & Co. KgaA, og Evonik Degussa GmbH, sem tilheyrir RAG-samsteypunni, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu SUNCoat GmbH.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Renolit AG: framleiðir heitplastfilmur
  - Evonik Degussa GmbH: framleiðir íðefni
  - SUNCoat GmbH: þjónusta í tengslum við filmur til tækninota
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 119, 16. maí 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5135 – Renolit/Evonik Degussa/SUNCoat, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Nýjar almannaþjónustukvaðir sem lagðar eru á í tengslum við áætlunarflug milli Ostrava (OSR) og Brussel (BRU) í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

1. Stjórnvöld í Tékklandi hafa ákveðið, á grundvelli a-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að leggja á almannaðjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug milli Ostrava (OSR) og Brussel (BRU).

2. Almannaþjónustukvaðirnar eru sem hér segir:

– *Lágmarksfjöldi ferða – flugleið og lágmarksfjöldi hringferða á viku*

Leoš Janáček-flugvöllur í Ostrava (OSR/LKMT)–Brussel-flugvöllur (BRU/EBBR): 3 hringferðir

– *Lágmarksbúnaður í loftförum*

Nota ber loftför með þrýstirými sem geta flutt a.m.k. 30 farþega.

– *Samfelldur rekstur*

Á öllum rekstrartímanum má ekki fella niður meira en 2 af hundraði allra hringferða sem eru í boði á einstökum leiðum, að frátöldum ferðum sem falla niður af ytri ástæðum, til að mynda vegna veðurs, verkfalla eða rekstrartakmarkana af hálfu flugvallarstjórnenda.

– *Áætlun og uppbygging ferða*

Af ferðum, sem farnar eru í samræmi við almannaðjónustukvaðir, mega að hámarki 30 af hundraði fela í sér millilendingu.

Fyrsta brottför frá Leoš Janáček-flugvelli í Ostrava má ekki vera fyrr en kl. 4.30 að staðartíma. Síðasta koma má ekki vera síðar en kl. 23.55 að staðartíma.

Hver ferð getur borið tvö eða fleiri flugnúmer—samnýtt númer—einstakra samstarfsaðila.

Samstarf þarf ekki að eiga sér stað á grundvelli sammings við aðra flugrekendur, en slíkt er þó heimilt.

– *Fargjöld*

Fullt fargjald aðra leið á leiðinni OSR–BRU má ekki vera hærra en EUR 200. Fullt fargjald aðra leið er skilgreint sem fargjald aðra leið í almennu farrými án virðisaukaskatts.

– Skylt er að nota alþjóðlegt farskráningarkerfi við útgáfu farmiða.

**Nýjar almannajónustukvaðir sem lagðar eru á í tengslum við áætlunarflug milli Ostrava (OSR) og Amsterdam (AMS) í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92** **2008/EES/28/11**

1. Stjórnvöld í Tékklandi hafa ákveðið, á grundvelli a-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að leggja á almannajónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug milli Ostrava (OSR) og Amsterdam (AMS).

2. Almannaþjónustukvaðirnar eru sem hér segir:

– *Lágmarksfjöldi ferða – flugleið og lágmarksfjöldi hringferða á viku*

Leoš Janáček-flugvöllur í Ostrava (OSR/LKMT)–Schiphol-flugvöllur í Amsterdam (AMS/EHAM):  
2 hringferðir

– *Lágmarksbúnaður í loftförum*

Nota ber loftför með þrýstirými sem geta flutt a.m.k. 30 farþega.

– *Samfelldur rekstur*

Á öllum rekstrartímanum má ekki fella niður meira en 2 af hundraði allra hringferða sem eru í boði á einstökum leiðum, að frátöldum ferðum sem falla niður af ytri ástæðum, til að mynda vegna veðurs, verkfalla eða rekstrartakmarkana af hálfu flugvallarstjórnenda.

– *Áætlun og uppbygging ferða*

Af ferðum, sem farnar eru í samræmi við almannajónustukvaðir, mega að hámarki 30 af hundraði fela í sér millilendingu.

Fyrsta brottför frá Leoš Janáček-flugvelli í Ostrava má ekki vera fyrr en kl. 4.30 að staðartíma. Síðasta koma má ekki vera síðar en kl. 23.55 að staðartíma.

Hver ferð getur borið tvö eða fleiri flugnúmer–samnýtt númer—einstakra samstarfsaðila.

Samstarf þarf ekki að eiga sér stað á grundvelli sammings við aðra flugrekendur, en slíkt er þó heimilt.

– *Fargjöld*

Fullt fargjald aðra leið á leiðinni OSR-AMS má ekki vera hærra en EUR 200. Fullt fargjald aðra leið er skilgreint sem fargjald aðra leið í almennu farrými án virðisaukaskatts.

– Skylt er að nota alþjóðlegt farskráningarkerfi við útgáfu farmiða.

**Nýjar almannajónustukvaðir sem lagðar eru á í tengslum við áætlunarflug milli Ostrava (OSR) og Lundúna (LTN) í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92** **2008/EES/28/12**

1. Stjórnvöld í Tékklandi hafa ákveðið, á grundvelli a-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að leggja á almannajónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug milli Ostrava (OSR) og Lundúna (LTN).
2. Almannaþjónustukvaðirnar eru sem hér segir:
  - *Lágmarksfjöldi ferða – flugleið og lágmarksfjöldi hringferða á viku*

Leoš Janáček-flugvöllur í Ostrava (OSR/LKMT)–Luton-flugvöllur í Lundúnum Airport (LTN/EGGW): 5 hringferðir
  - *Lágmarksbúnaður í loftförum*

Nota ber loftför með þrýstirými sem geta flutt a.m.k. 30 farþega.
  - *Samfelldur rekstur*

Á öllum rekstrartímanum má ekki fella niður meira en 2 af hundraði allra hringferða sem eru í boði á einstökum leiðum, að frátöldum ferðum sem falla niður af ytri ástæðum, til að mynda vegna veðurs, verkfalla eða rekstrartakmarkana af hálfu flugvallarstjórnenda.
  - *Áætlun og uppbygging ferða*

Af ferðum, sem farnar eru í samræmi við almannajónustukvaðir, mega að hámarki 30 af hundraði fela í sér millilendingu.

Fyrsta brottför frá Leoš Janáček-flugvelli í Ostrava má ekki vera fyrr en kl. 4.30 að staðartíma. Síðasta koma má ekki vera síðar en kl. 23.55 að staðartíma.

Hver ferð getur borið tvö eða fleiri flugnúmer–samnýtt númer—einstakra samstarfsaðila.

Samstarf þarf ekki að eiga sér stað á grundvelli samnings við aðra flugrekendur, en slíkt er þó heimilt.
  - *Fargjöld*

Fullt fargjald aðra leið á leiðinni OSR-LTN má ekki vera hærra en EUR 200. Fullt fargjald aðra leið er skilgreint sem fargjald aðra leið í almennu farrými án virðisaukaskatts.
  - Skylt er að nota alþjóðlegt farskráningarkerfi við útgáfu farmiða.

**Auglýst eftir tillögum samkvæmt starfsáætluninni „Rannsóknargeta“ sem fellur 2008/EES/28/13 undir 7. rammaáætlun Evrópubandalagsins um rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni**

Athygli er vakin á auglýsingu eftir tillögum samkvæmt starfsáætluninni „Rannsóknargeta“ sem fellur undir 7. rammaáætlun Evrópubandalagsins um rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni (árin 2007 til 2013).

Auglýst er eftir tillögum samkvæmt eftirfarandi:

**Séráætlunin „Rannsóknargeta“**

*Hluti:* Rannsóknaraðstaða

*Tilvísunarnúmer auglýsingar:* FP7-INFRASTRUCTURES-2008-2

Auglýsingin varðar starfsáætlun sem samþykkt var með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2007) 5759 frá 29. nóvember 2007.

Á vefsetri CORDIS eru birtar upplýsingar um fjárveitingu, umsóknarfrest og tilhögun umsóknarlotunnar og þar má einnig finna starfsáætlunina sjálfa ásamt leiðbeiningum til umsækjenda um hvernig staðið skuli að umsóknum: <http://cordis.europa.eu/fp7/calls>.

**Auglýst eftir áhugayfirlýsingum fyrir árið 2008 vegna skipunar sérfræðinga í 2008/EES/28/14 vísindanefnd Umhverfisstofnunar Evrópu**

Meginhlutverk Umhverfisstofnunar Evrópu er að efla sjálfbæra þróun og stuðla að verulegum og mælanlegum framförum í umhverfismálum í Evrópu með því að veita þeim, sem sinna stefnumótun, svo og almennungi, tímanlegan aðgang að málefnalegum, markvissum og áreiðanlegum upplýsingum.

Stofnunin birtir þessa auglýsingu (EEA/SC/2008/001–014) með það fyrir augum að skipa í vísindanefndina niú sérfræðinga með kunnáttu á þeim sviðum sem tilgreind eru í auglýsingunni.

Vísindanefndin hefur það hlutverk að veita stjórn og framkvæmdastjóra Umhverfisstofnunar Evrópu aðstoð með vísindalegri ráðgjöf/tilmælum og faglegri álitsgjöf á vísindalegum atriðum sem lúta að starfsviðum stofnunarinnar.

Um nánari upplýsingar og heildartexta auglýsingarinnar sjá [Stjtið. ESB C 111, 6.5.2008](#), bls. 46.